

Nd.

851. Breytingartillögur

[431. mál]

við frv. til l. um Rannsóknadeild fisksjúkdóma.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 2. gr. 2. mgr. orðist svo:
Deildin lætur fiskeldisstöðvum í té vottorð um heilsufar fisks í stöðinni eftir því sem reglubundið eftirlit, sbr. lög nr. 76/1970 og lög nr. 61/1985, og rannsóknir og önnur starfsemi deildarinnar skv. lögum þessum gefa tilefni til.
2. Við 3. gr. Síðasti másl. greinarinnar orðist svo: Hann annast gerð starfs- og fjárhagsáætlunar og ber ábyrgð á fjárhag deildarinnar.
3. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
Deildin hefur sjálfstæðan fjárhag og lýtur yfirstjórn forstöðumanns Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði.
4. Við 5. gr.
 - a. 4. tölul. fyrri mgr. orðist svo:
Að veita fiskeldisstöðvum hvers konar aðstoð og ráðgjöf er að gagni má koma til varnar útbreiðslu sjúkdóma og til að tryggja heilbrigði fiska.
 - b. Síðari mgr. falli brott.
5. Við 6. gr. Síðari mgr. orðist svo:
Rannsóknadeildin getur samið við aðrar rannsóknastofnanir um að annast tiltekna þætti rannsókna vegna fisksjúkdóma í landinu.
6. Við 9. gr. Greinin orðist svo:
Menntamálaráðherra setur Rannsóknadeild fisksjúkdóma starfsreglur og staðfestir gjaldskrá fyrir þá þjónustu, sem hún veitir, með reglugerð.
7. Við 10. gr.
 - a. Síðasti másl. 1. mgr. orðist svo: Þegar um sýnatöku vegna fyrirhugaðs útflutnings er að ræða skal rannsóknadeildin ganga úr skugga um að sýnatökur og úrvinnsla séu í samræmi við reglur um þau atriði í viðkomandi landi.
 - b. Í stað orðanna „sem og önnur fyrirmæli“ í 2. mgr. komi: sem og fyrirmæli.
8. Við 11. gr. 1. mgr. orðist svo:
Rannsóknadeild fisksjúkdóma skal rannsaka sýni frá fiskeldisstöðvum með viðurkenndum aðferðum. Finnist ekkert athugavert við rannsókn er sú niðurstaða skráð í skýrslur um viðkomandi stöð. Þær niðurstöður, ásamt reglubundnu eftirliti, eru grundvöllur útgáfu heilbrigðisvottorða, sbr. 14. gr.
9. Við 14. gr. Í stað orðsins „fiski“ í síðari másl. komi: alifiski.